

Könnun Skólapúlsins meðal foreldra nemenda í Garðaskóla 2017



Sigurður Stefán Haraldsson tók saman


Nám og kennsla

Almennt má segja að meðal foreldra nemenda ríki mikil ánægja með Garðaskóla. Í liðnum um nám og kennslu sést að yfir 90% þeirra álíta að flestir kennarar skólans séu hæfir og metnaðarfullir; eru ánægðir með kennsluaðferðirnar; eru ánægðir með hvernig tekið er á agavandamálum; að skólinn standi sig vel í að mennta nemendur og að skólinn mæti námsþörfum nemenda. Aðeins sker sig úr herna spurningin um hvort skólinn veiti reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda þar sem 84% álíta að svo sé en 16% álíta að svo sé ekki, sem er raunar mjög í takt við það sem gengur og gerist annarsstaðar á landinu samkvæmt landsmeðaltali.

Þar sem spurt er hvort námið sé í takt við grunnstoðir aðalnámskrár þá álíta um 90% foreldra að námið sé lýðræðislegt, að það auki skilning nemenda á jafnrétti, að það stuðli að læsi og færni í víðum skilningi sem og heilbrigði og velferð. Það sem sker sig úr í þessum lið er tvennt. Um 19% foreldra í Garðaskóla, á móti 11% á landinu öllu, telja að námið efli ekki vitund nemenda um umhverfismál. Loks telja 21% foreldra nemenda í Garðaskóla að námið veiti nemendum ekki tækifæri til að vera skapandi, á móti 17% foreldra í öðrum skólum samkvæmt landsmeðaltali.

Einnig er spurt um stjórnun skólans og er skemmst frá því að segja að yfir 97% telja að skólanum sé vel stjórnað. Svo er spurt um þyngd námsefnis og telja um 90% að hún sé hæfileg. Um 7% telja að það sé of þungt en um 3% að það sé of létt.

Loks telja 86% foreldra að agi í skólanum sé hæfilegur en á móti kemur að 14% telja aga vera of lítinn og er síðari talan sú hæsta í fjórum síðustu könnunum. Foreldrum stúlkna þykir agi nokkuð minni en foreldrum stráka, sjá mynd 1, sem er athyglisvert í ljósi fréttu nýverið um verri líðan stúlkna en stráka í grunnskólum landsins. Það má þó benda á að landsmeðaltalið sýnir samsvarandi tölur 78% og 21% svo agi í Garðaskóla virðist nokkru meiri en almennt gerist á landinu.



Mynd 1. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra eftir kyni barna þeirra

2. Líðan nemenda

Foreldrar eru yfirleitt mjög ánægðir með samskipti við umsjónarkennara, aðra kennara og annað starfsfólk skólans, auk þess að þeim finnst skólinn koma mjög vel til móts við þarfir nemenda. Þessir liðir eru mjög í takt við landsmeðaltalið.


Varðandi líðan nemenda í skólanum almennt kemur fram ánægja meðal meira en 90% foreldra. Þó virðist sem sú ánægja sé að minnka því hún mælist mjög svipuð og landsmeðaltalið eftir hafa verið nokkru meiri í síðustu tveimur könnunum. Það kemur fram að rúm 7% (6 foreldrar) segja að barninu sínu líði frekar illa eða mjög illa í skólanum, rúm 8% í kennslustundum (7 foreldrar) og um 7% í frímínútum (6 foreldrar). Sú vanlíðan virðist gilda meira fyrir stelpur en stráka, a.m.k. í frímínútum, en prósentutalan er mjög lág svo hæpið er að draga almennar ályktanir.

Þegar foreldrar eru spurðir hvort þeir hafi orðið varir við einelti þá svara 80% neitandi, 10% eru ekki vissir og 10% svara játandi annaðhvort um þetta skólaár eða í yngri bekkjum. Þeir staðir sem helst eru nefndir sem vettvangur eineltis í Garðaskóla eru skólalóðin í frímínútum (6 sinnum), í frímínútum innandyrna (3), í íþróttatímum (3), í búningsskelfum (2), og í hádegisstund (2). Þó svarhlutfall sé mjög lágt þá virðist vera að tíminn sem einelti stóð yfir hafi í flestum tilfellum verið skemur en í 1 ár.

3. Aðstaða og þjónusta


Almennt séð eru foreldrar ánægðir með aðstöðu fyrir nemendur, eða um og yfir 90%. Það helsta sem sett er út á er aðstaðan til að matast, þar sem 20% eru óánægðir, og hvað varðar aðgang nemenda að tölvum en þar eru 15% foreldra sem finnst að megi bæta stöðuna.

Þar sem Garðaskóli býður ekki upp á tómstundaþjónustu eða frístundaheimili eftir að venjulegum skóladegi lýkur þá kemur ekki á óvart að rúm 70% foreldra segja að sitt barn hafi ekki sótt þá þjónustu. En það kemur líka í ljós að 30% hafa sótt þá þjónustu annarsstaðar en í Garðaskóla, meirihlutinn strákar. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að aukin aðsókn virðist vera í þessa þjónustu á landinu og þar mælast kynin jöfn.



Mynd 2. Notkun tómstundaþjónustu á þessu ári á vegum skólans eða sveitarfélagsins

Mötuneyti skólans er notað af tveimur þriðju hluta nemenda og kemur í ljós að um 30% eru óánægð með það. Það kemur hins vegar ekki fram hvort sá þriðjungur er að nota það eða ekki. Helstu ástæður sem nefndar eru fyrir því að nota það ekki er óánægja með matseðilinn eða máltíðirnar (12 sinnum), matvæðni barnsins (8), nemandi vill taka mat með sér að heiman (4), og verðið er of hátt (2). Á mynd 3 hér fyrir neðan sést að notkun á mötuneytinu hefur aukist verulega frá síðustu könnun, eða um 26%, en notkun að meðaltali á landinu mælist þó enn mun meiri, eða um 86%.



Mynd 3: Notkun á mótuneyti að meðaltali á milli ára

4. Foreldrasamstarf

Það virðist sem kennarar hafi lítið frumkvæði að samskiptum við foreldra; 43% foreldra nemenda í Garðaskóla segja að það gerist aldrei á móti 30% foreldra almennt á landinu. Í töflunni sést það hlutfall foreldra sem er aldrei beðið um að gera ákveðna hluti sem tengjast veru barnsins í skólanum. Það er merkilegt að Garðaskóli mælist lægri en landið í öllum tilfellum og er munurinn frá 13% til 21%.

Tafla 1: Hlutfall foreldra sem segjast aldrei vera beðin af kennara að...

	Garðaskóli	Landshlutfall
Fylgjast með heimanámi	78%	62%
Ræða skóladaginn við barnið	85%	72%
Mæta á viðburð í skólanum	70%	49%

Einnig segjast foreldrar í 45% tilfella hafa lítil eða engin áhrif á ákvarðanir í skólanum varðandi sitt barn, sem reyndar er svipuð prósentutala og sést fyrir landið. Þegar kemur að því hvort skólinn leiti til foreldra eftir tillögum um ákvarðanir fyrir barn sitt segjast 42% ekki verða vör við slíkt en á móti kemur að 75% foreldra svara því til að ábendingar þeirra séu teknar til greina. Það sem foreldrum finnst þeir hafi helst áhrif á er námshraði, val á námsefni og foreldrasamskipti. Engin áberandi niðurstaða fékkst með spurningum um hvað foreldrar vildu hafa meiri áhrif á.

Varðandi síðasta foreldraviðtal þá eru 87% ánægð með það en það er þó umhugsunarefni að sú tala var 96% í fyrra. Hér þarf þó að hafa í huga að svarhlutfall lækkaði einnig milli ára. Helst var rætt um framgang barnsins í námi, niðurstöður prófa, líðan barnsins, og samskipti þess við aðra í bekknum.

Um 41% foreldra nemenda í Garðaskóla segjast aldrei hafa tekið þátt í gerð námsáætlunar með barni sínu, t.d. markmiða um heimanám eða námsárangur, en á landinu er hlutfallið

hærra eða rúm 46%. Aftur á móti telja 83% þeirra að það sé mikilvægt að foreldri taki þátt í slíku með barni sínu og mælist það atriði eins og á landinu öllu.

Heimasíðu skólans er vel tekið og þykir gagnleg að mati rúmlega 80% foreldra en athygli vekur að 9% foreldra segjast aldrei hafa skoðað hana. Tæpur þriðjungur foreldra segir í viðbót að þeir séu ekki vel upplýstir um stefnu skólans og námskrá en það er svipað hlutfall og á landinu að meðaltali.

5. Heimastuðningur

Þegar spurt er um virkni foreldra í námi barna sinna kemur í ljós að þó að hún mælist hærri en í síðustu könnunum þá hjálpa foreldrar nemanda í Garðaskóla barni sínu ekki jafn oft og almennt gerist á landinu. Ef nánar er skoðað sést að 10% foreldra í Garðabæ hjálpa barni sínu nærri daglega með heimanám, 43% foreldra barni sínu 1-2 sinnum í viku, og 32% hjálpa 1-2 sinnum í mánuði. Sama hlutfall foreldra í Garðaskóla og á landinu, eða 85%, segist ræða við barn sitt um hvernig námið gangi og einnig um hvernig tengja má það sem lært er við daglegt líf. Fram kemur að flestir foreldrar (53%) hjálpa barni sínu í allt að 15 mínútur á dag með heimanámið en 19% veita enga hjálp.

Yfir 90% foreldra telja sig ná vel til barnsins síns og telja sig nógu örugg til að hjálpa því að standa sig vel í skólanum og um 80% gengur vel að hjálpa barninu að læra. En þó álíta tæp 40% að félagahópurinn hafi meiri áhrif á námsárangurinn en foreldrið, sem er aðeins hærra hlutfall en á landinu.

Taflan að ofan sýndi frumkvæði kennara að samskiptum við foreldra á nokkra vegu, en einnig var spurt um frumkvæði barnsins varðandi þessi sömu atriði. Þá kemur í ljós að meira en helmingur nemenda biður foreldri aldrei um að taka þátt í einhverju skólatengdu, heimanámi, mæta á viðburð eða tala við kennara, en hjá hinum helmingnum gerist það aðeins nokkrum sinnum á ári að meðaltali. Það er svipuð mæling og á landinu.

Þegar kemur að heimanámi þá sést að flestum foreldrum (69%) finnst hún vera hæfileg, á meðan öðrum finnst hún annaðhvort of mikil eða of lítil. Loks miða langflestir foreldrar hátt fyrir hönd síns barns í námi, 60% eru með væntingar um að það muni klára framhaldsnám á háskólastigi, 26% að það klári grunnnám í háskóla, en aðeins 8% að það ljúki gráðu í iðnnámi.

6. Opnar spurningar

Það sem helst má sjá úr jákvæðu opnu svörum er að börnin eru ánægð í skólanum og líður vel þar og áhersla er á að í Garðaskóla er gott starfsfólk sem gott er að leita til og sem sýnir mikinn metnað í faglegu starfi sínu. Athygli vekur að fólk er nefnt á nafn meira núna en áður og sumum jafnvel líkt við gullmola. Námsráðgjafar og stjórnendur eru einnig nefndir í þessu samhengi. Þó fleiri foreldrar nefni þessi atriði þá nær eitt þeirra vel utan um mörg algengustu atriðin sem koma fyrir í umsögnunum:

Ég er í alla staði mjög ánægð með það starf sem er í Garðaskóla. [Ég er] einstaklega heppin með umsjónarkennara sem alltaf er hægt að ræða við ef eitthvað er og svo finnst mér starf námsráðgjafa skólans alveg til fyrirmyndar. Mjög faglegt starf sem byggir á góðum grunni þar sem kennarar og stjórnendur leggja mikinn metnað í starfið en ná um leið góðu sambandi við nemendur þannig að vegferð þeirra í skólanum verður einstaklega góð. Tel líka að þeir nemendur sem útskrifast frá Garðaskóla hafi breiðan og góðan grunn til að byggja á til framtíðar.

Eins og kemur fram í tilvitnuninni þá er framtíð barnsins líka nefnt sem atriði sem Garðaskóli byggir vel undir. Hann er sagður starfa vel í takt við gildi sín og veita mjög góðan undirbúning fyrir frekara nám eða framtíðina. Einnig virðist ánægja virðist ríkja með ferðakerfið og fjölbreytni í valfögum. Eitt foreldri kemst svona að orði:

[Það er] mikið af hæfu og áhugasömu fólki sem vinnur og kennir í skólanum sem sýna börnunum virðingu. Það er svo gott veganesti fyrir þau inni framtíðina.

Þegar kemur að því sem foreldrum finnst megi betur fara í opnu spurningunum, þá tengist það helst því að kerfið er að einhverju leiti ósveigjanlegt og þar með er ekki hægt að koma til móts við mismunandi þarfir allra. Foreldrar nefna til dæmis að þeim finnst að börn þeirra ættu að fá meiri svefn eftir helgina með því að byrja seinna í skólanum, sumir þurfa meiri aðstoð með námið en þeir fá, aðrir þurfa meiri vinnufrið í kennslustundum og aðrir meiri frið fyrir hávaða annarra í frímínútum á opnum svæðum, sumir þurfa minna heimanám eða meira krefjandi nám, sumum myndi henta betur að vera öll þrjú árin í bekkjakerfi, og sumir þyrftu meiri nærgætni við uppbyggingu sjálfsmats síns t.d. með því að einkunnir þeirra séu ekki sýnilegar öðrum eða gefnar upp svo aðrir heyri. Svo er nefnt að athygli kennara beinist um of í átt að hávaðaseggjum en þau börn sem dugleg eru fá minni athygli í tímum. En það virðist sem sumir foreldrar geri sér grein fyrir því að þetta eru kerfisbundnir gallar sem eru ekki eingöngu til staðar í Garðaskóla heldur í öllum skólum:

Ég tel að í öllum skólum sé hægt að gera betur. Persónulega finnst mér að hægt sé að gera betur varðandi að sinna mismunandi þörfum mismunandi persónuleika. Sumir nemendur eru sterkir í rökfræðum á meðan aðrir njóta sín betur í skapandi umhverfi. Sumum nemendum líður betur að fást við formúlur á meðan aðrir vilja leyfa ímyndunaraflinu að fara á flug. Sumir nemendur tjá sig betur skriflega á meðan aðrir nemendur eru betri í að útskýra munnlega sínar skoðanir. Athyglisbrestur og lesblinda eru að verða algengar og einnig er meira um nemendur frá tví- og jafnvel þrítyngdum fjölskyldum. Ég tel að hægt sé að finna út styrkleika og veikleika hjá nemendum og sníða námið að þeirra styrkleikum. Þannig njóta nemendur sín betur, áhuginn á náminu verður meiri og árangurinn fylgir í kjölfarið.

Það vekur athygli að umsjónarkennarar eru nefndir nokkrum sinnum, þó í mismunandi samhengi, þeir verði að passa að standa vel að baki sínum skjólstaðingum hvað varðar námsþarfir og námsaðstoð og megi grípa fyrr inn í ef hennar gerist þörf, og vera tengiliðir milli

annarra kennara og foreldra. Einnig heyrir að það sé óþarfi að skipta umsjónartímanum á tvo daga, sem bendir til þess að þeir þyki ekki nægilega gagnlegir í núverandi formi.

Það kemur fram að það mætti vera meiri fjölbreytni í kennsluaðferðum – að sitja og taka við innlögnum og glósa skili litlu – og einnig mættu viðfangsefni vera fjölbreyttari sérstaklega í raungreinum - þar sem t.d. skili litlu að leysa mörg eins dæmi í heimanámi – og eins að vera hagnýtari og tengjast þannig betur t.d. því sem er í fréttum í heimsmálum.

Varðandi húsnæðið og búnað og slíkt þá er minnst á að aðbúnað nemenda almennt megi gjarnan bæta, þ.e. húsnæðið, tölvubúnað, skápa, borð og stóla ásamt mataraðstöðu. Loks var ekki spurt sérstaklega um Námfús núna eins og verið hefur. Það er líka aðeins einu sinni minnst á hann og þá á þann veg að erfitt sé að fylgjast með námsárangri nemenda.